


Nr.: INN-004	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 8.0		
Dags: 24.05.2018		
Höf: AS		
Ábm: Skólameistari	<h2>1. Hugtök og skilgreiningar</h2>	
Síða 1 af 7		


Í þessari skrá er í stafrófsröð yfirlit yfir hugtök og skilgreiningar sem tengjast starfsemi skólans og notuð eru í gæðahandbók hans.

Aðkeypt kennsla	Kennsla keypt af ISO-vottuðum undirverktaka sem annast skilgreint nám skv. námskrá og áfangalýsingum.
Ábending/kvörtun	Með ábending/kvörtun er átt við hvers kyns (meinta) vöntun við þá þjónustu sem Tækniskólinn veitir eða þá vöru (sem er kennsla áfanga og námskeiða) sem það framleiðir.
Áfangastjóri	Sá stjórnandi skólans sem sér um áfangakerfið sbr. starfslýsingu hans.
Áfangi	Bóklegt og/eða verklegt fag sem að öllu jöfnu stendur yfir eina önn og eru samræmd innan áfangakerfis eins og því er lýst í aðalnámskrá.
Alvarlegt brot	Alvarlegt brot á reglum skólans, til að mynda í prófahaldi.
Bókasafn	Bókasafn Tækniskólans þjónar öllum sviðum skólans. Þar starfa forstöðumaður bókasafna og aðrir starfsmenn safnsins.
Braut	Innan Tækniskólans eru starfandi undirskólar sem skipta námi sínu í brautir, eins og lýst er nánar í <i>Námskrá</i> (sem er birt á vefnum).
Brautskráningarefni	Nemandi sem útskrifast í lok annarinnar.
Búnaður	Samheiti fyrir <i>tæki</i> .
Endurmat áfanga	Skipulagt endurmat á áfanga sem er í kennslu.
Ég spjald	Gagnagrunnur í Navision kerfi sem varpast í veflæga útgáfu. Þar eru upplýsingar um starfsmenn, réttindi, menntun, laun og almennar starfsmannaupplýsingar.
Fag (faggrein)	Áfangi sem fjallar um tiltekið svið og er á ábyrgð fagstjóra eða brautarstjóra.
Fasteignir Ríkissjóðs	Ríkisstofnun sem ber ábyrgð á viðhaldi eigna ríkissjóðs, skammstafað FR.
Fjarnám	Kennslusvið skólans þar sem námið fer fram gegnum kennsluvef.
Forvarnir	Ráðstafanir til þess að uppræta orsakir hugsanlegra frábrigða í því skyni að koma í veg fyrir að þau eigi sér stað
Forvarnarverkefni	Þær aðgerðir sem ákvarðaðar eru í sambandi við forvarnir má líta á sem forvarnarverkefni eða nýsköpunarverkefni eftir því sem passar best hverju sinni.
Frábrigði	Með frábrigðum er fyrst og fremst átt við hvert það frálág skólans (sem framleiðir "vöruna" kennslu áfanga og námskeiða) sem ekki uppfyllir gæðamarkmið hans um ánægju viðskiptavina og yfirfærða þekkingu til þeirra. Einnig getur verið um að ræða óhapp, (nærri því) slys eða (nærri því) tjón sem á sér stað í starfsemi skólans. Frábrigði þýðir með öðrum orðum (ISO 001:2015 kafli 10.2) "það að uppfylla ekki kröfu ", sem er hið andstæða


Nr.: INN-004	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 8.0		
Dags: 24.05.2018	<h2>1. Hugtök og skilgreiningar</h2>	
Höf: AS		
Ábm: Skólameistari		
Síða 2 af 7		

við **samræmi**.


Frávik	Frávik er það sama og frábrigði, það að uppfylla ekki kröfu gæðakerfisins , en er notað sérstaklega þegar um innri úttektir er að ræða. Þegar vara eða þjónusta uppfyllir ekki kröfu er talað um frábrigði .
Fréttamiðlar	Hverskonar fjölmiðlar og aðrir sem birta efni og gögn opinberlega.
Fréttatilkynningar	Opinberar tilkynningar sendar til fjölmiðla frá skólanum og ætlaðar til birtingar í fjölmiðlum.
Fullgilding	Fullgilding felur í sér að námsbrautin eða áfanginn sem til verður uppfylli kröfurnar um fyrirhugaða eða tilgreinda notkun sem vitað er um.
Fullgilding áfanga	Samþykki MMR og skólameistara á áfanga sem koma á til kennslu.
Fundarboð	Dagskrá funda send út í tölvupósti fyrir fund.
Fundargerð	Skrifleg fundargerð rituð eftir fundi er inniheldur efni umræðna, niðurstöður, verkefnaskiptingur og tímasetningar.
Greinaflokkur	Áfangar sem eru innan sama eða sambærilegs fags og eru á ábyrgð fagstjóra.
Gæðahandbók	Gæðahandbók Tækniskólans er rafræn og inniheldur stefnuskipting, starfslýsingar, verklagsreglur, vinnulýsingar, eyðublöð, gátlista, leiðbeiningar, kennsluáætlanir, námskeiðsáætlanir og námskeiðslýsingar.
Gæðaráð	Ráð sem fundar reglulega og fylgir eftir gæðastefnu skólans.
Gæðaskýrslur	Hér er átt við öll gæðatengd gögn, fyrir utan allar þær gæðaskrár sem gæðastjóri heldur á sinni skrifstofu, sem tengjast rekstri skólans og framvindu náms, þ.á.m. niðurstöður kennslumats, einkunnir, tölvfræði áfangastjórans o.s.frv.
Gögn	Þær upplýsingar sem getið er á umsóknareyðublöðum. Þær upplýsingar sem færðar eru í gagnagrunninn.
Heildarstjórnun náms	Ferli sem lýsir stýringu náms og utanumhaldi.
Heimasíða	Heimasíða skólans https://tskoli.is/ er aðgengileg á netinu og heldur utan um almennar upplýsingar um skólana og skólastarfið.
Hjálpargögn	Þau gögn sem er heimilt að koma með og nota við námsmat.
Húsumsjónarkerfi/	Netlægt tölvukerfi sem heldur utan um verkbeiðnir og afgreiðslur þeirra. Notendur þess eru allir starfsmenn skólans og starfsmenn í húsumsjón. Kallast bæði húsumsjónarkerfi og húsverk.
Hönnun áfanga	Skipulag á áfanga sem á að koma til kennslu við skólann.
Hönnun námsbrauta	Skipulag á námsbraut sem á að koma til kennslu við skólann. Hver námsbraut samanstendur af mörgum áföngum skv. námskrá.
IMO	Alþjóða siglingamálastofnunin (International Maritime Organisation).

Nr.: INN-004	Tækniskólinn	
Útgáfa: 8.0		
Dags: 24.05.2018	1. Hugtök og skilgreiningar	
Höf: AS		
Ábm: Skólameistari		
Síða 3 af 7		


INNA	Tölvuvædd gagnaskrá skólans, vistuð hjá Advania.
Innkaupandi	Sá starfsmaður sem stendur fyrir innkaupum á rekstrarvörum. Almennt eru þetta, kerfisstjóri, deildarstjóri fasteigna, meðlimir framkvæmdastjórnar, skólastjórar.
Innri úttekt	Með innri úttekt er átt við þær skipulegar og skjalfestar aðferðir sem Tækniskólinn notar til að vinna að athuga virkni ferla í starfsemi sinni og þar með virkni gæðakerfisins.
Kennari	Er sá starfsmaður sem auk þess að búa yfir nauðsynlegri fagkunnáttu hefur lokið réttindanámi í uppeldis- og kennslufræðum, og hefur þar með öðlast réttindi sem framhaldsskólakennari.
Kennsluáætlun	Skjal sem lýsir vinnuáætlun áfangans fyrir önnina. Kennsluáætlanir eru vistaðar í gæðahandbók.
Kennslubúnaður	Samheiti fyrir <i>kennslutæki</i> .
Kennsluefni	Bækur, tímarit, myndbönd, geisladiskar, hljóðsnældur og annað fræðsluefni sem nýtist á öllum sviðum skólans.
Kennslumat	Mat sem nemendur leggja á störf kennara með því að svara spurningum á tölvutæku formi um störf kennara og allan aðbúnað til kennslu.
Kennsluskipting	Niðurröðun kennslu á hvern kennara.
Kennslutæki	Þær vélar og íhlutir þeirra sem notaðar eru í kennslu.
Leiðbeinandi	Er kennari sem á eftir að ljúka réttindanámi í uppeldis- og kennslufræðum og hlotið hefur staðfestingu undanþágunefndar til kennslu.
Léttvægt brot	Léttvægt brot á reglum skólans, svo sem í námsmati er það brot á námsmatsreglum, sem að mati kennara varðar áminningu.
Málaskrá	Er verkaefnalisti stjórnenda skólans. Mál eru m.a. stofnum í málaskrá af stjórnendum sjálfum eða í kjölfar rekstrarráðsfunda. Málaskrá er aðgangstýrð.
OneCRM	Skjalavistunarkerfi skólans.
MMR	Menntamálaráðuneytið.
Mjög alvarlegt brot	Brot er að mati skólaráðs gæti varðað brottvísun úr skóla.
Mat	Mat er skráð sem einkunn á kvarðanum 1 til 10, M fyrir metið eða L fyrir lokið.
Mat kennsluefnis	Mat sem kennarar leggja á kennslubækur, kennslutæki, kennslufyrirkomulag og störf sín á fundi sem kennarar hverrar greinar eiga með brautarstjóra/ fagstjóra eigi sjaldnar en einu sinni á önn.
Minniháttar viðhald	Minniháttar viðhald (viðgerðir eða eftirlit) er skilgreind sem sú vinna við vélar eða tæki sem mögulegt er að gera af starfsmönnum Tækniskólans .

Nr.: INN-004	Tækniskólinn	
Útgáfa: 8.0		
Dags: 24.05.2018	1. Hugtök og skilgreiningar	
Höf: AS		
Ábm: Skólameistari		
Síða 4 af 7		

Meiriháttar viðhald	Meiriháttar viðhald (viðgerðir eða eftirlit) er skilgreind sú vinna við vélar eða tæki sem gerist af viðurkenndum þjónustuaðila utan Tækniskólans .
Námsáætlun	Áætlun um það hvernig nemandinn ætlar að haga námi sínu að settu námsmarkmiði.
Námsráðgjafi	Sá starfsmaður skólans sem leiðbeinir nemendum varðandi nám, námsval og persónuleg vandamál þeirra sbr. starfslýsingu.
Námskrá	Hér er átt við Skólanámskrá Tækniskólans , samþykkt af MMR, sem er starfsfólki, nemendum, aðstandendum þeirra og fleirum aðgengileg á heimasíðu skólans.
Námsnet	Tölvukerfi sem gerir kennara kleift að hafa samskipti við nemendur í netlægu umhverfi.
Nethjálp	Beiðnakerfi sem starfsmenn tölvuþjónustu eru ábyrgir fyrir. Viðskiptavinir og starfsmenn skrá inn beiðni um aðstoð eða tilkynna bilanir.
Námsupplýsingar	Hverskonar upplýsingar ætlaðar núverandi og væntanlegum nemendum og liggja fyrir opinberlega og varða námsefni, kennsluhætti og starf við skólann.
Plögg	Upplýsingar um brautskráningarefnið sem skólinn útbýr við brautskráningu, svo sem námsferill og einkunnir, einnig vottorð um að hann hafi lokið einhverju tilteknu stigi án formlegrar brautskráningar.
Ráðning	Skólameistari samþykkir endanlega ráðningu og tekur afstöðu til þess hvort ráðning sé innan ramma rekstraráætlunar. Ráðning byggir á gildandi lögum um framhaldsskóla, sem fela í sér hæfniskröfur fyrir kennara, auk faglegs mats á hæfni og samráðs við skólanefnd.
Gæðahandbók	Gæðahandbók Tækniskólans.
Rekstrarráð	Skólameistarar, rekstrar- og fjármálastjóri, áfangastjóri og námsstjóri.
Rekstrarvörur	Með rekstrarvörum er átt við þær stöðluðu vörutegundir og íhluti, einnig kallað B-vörur , sem Tækniskólinn kaupir inn fyrir daglegan rekstur.
Rýni	Á ensku <i>review</i> . ISO staðallinn segir þetta um rýni í kafla 3.8.7 úr Grunnatriðum og Íðorðasafni: “Starfsemi til að ákvarða hvort viðfangsefnið henti eða sé fullnægjandi og nægilega virkt til að ná settum markmiðum.”
Samkennari	Kennari sem kennir sama áfanga.
Samskipti útávið	Með hugtakinu samskipti útávið er átt við samskipti við almenning og hvernig upplýsingum um starfsemi skólans er komið á framfæri.
Samþykktur	Að nemandi sé samþykktur þýðir að umsókn hafi verið samþykkt og umsækjandanum er heimil skólavist gegn greiðslu innritunargjalda.
Sannprófun	Sannprófun felur í sér að námsbrautin eða áfanginn sem til verður uppfylli tilteknar kröfur.

Nr.: INN-004	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 8.0		
Dags: 24.05.2018	<h2>1. Hugtök og skilgreiningar</h2>	
Höf: AS		
Ábm: Skólameistari		
Síða 5 af 7		

Sí	Siglingastofnun Íslands.
Símat	Símat nefnist það þegar vinna nemenda er metin reglulega yfir önnina.
Skirteini	Á skirteininum er, auk nafns og kennitölu, skráð hvaða stigi brautskráningarefnið hafi lokið og hvaða réttindi samkvæmt STCW það gefur. Skirteinið er bæði á íslensku og ensku. Skirteinið er prentað á eyðublað með vatnsmerki skólans svo það verði ekki afritað.
Skjalastýring	Með skjalastýringu er átt við þær skipulegar, kerfisbundnar, og tölvuvæddar aðferðir sem Tækniskólinn notar til að hafa vald á útgáfu, gildistöku, flæði, vörslu og úreldingu gæðatengdra gagna.
Skólanámskrá	Námskrá Tækniskólans sem inniheldur upplýsingar um skólann og skólastarfið. Útgefin á netinu.
Skrár	Í ISO íðorðasafni 3.7.6 er skrá á ensku <i>record: document stating results achieved or providing evidence of activities performed</i> . Á íslensku er skrá ákveðin tegund af skjali, nefnilega “skjal þar sem tilgreindur er árangur sem hefur náðst eða færðar sönnur fyrir starfsemi sem farið hefur fram.” Í gæðastjórnunarkerfi Tækniskólans er einfaldlega átt við alls kyns gögn, bréf, gerðir, boð o.s.frv. sem ekki heyra beint undir gæðahandbókina, en sem innihalda mikilvægar upplýsingar (<i>relevant information</i>) sem koma gæðastýrðri starfsemi skólans við. Dæmi um þetta eru fundargerðir stjórnendafunda, tilboðsgögn fyrir nýtt tæki, nemendaskrá og tillaga um breytingu á áfanga.
Skrifstofa	Skrifstofustjóri, skólafulltrúi eða sá starfsmaður sem vinnur á skrifstofu skólans.
Staða nemanda í INNU	Staða nemanda í INNU er af ýmsum toga. Nemandinn getur t.d. haft stöðuna nýnemi, innritaður, endurinnritaður, brautskráningarefni eða brautskráður, allt eftir því hvað við á.
Starfsáætlun	Vinnuáætlun fyrir hverja önn sem áfangastjóri setur saman og dreifir til allra nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólanna í byrjun annar.
Starfslýsing	Lýsing starfs gerð í samþykktu formi með þeim skilningi að starfslýsing skilgreini annarsvegar ábyrgðarsvið og hinsvegar verkefni eins og þau eru á þeim tíma sem starfslýsingin er gerð.
Stjórnendur	Þeir sem sitja stjórnendafundi.
Stjórnendur	Framkvæmdaráð og skólastjórar.
Stundakennari	Er hér skilgreindur sá kennari/leiðbeinandi/utanaðkomandi sérfræðingur sem ekki hefur fastan ráðningarsamning.
Stýring skráa	Með stýringu skráa er átt við þær skipulegar og kerfisbundnar aðferðir sem Tækniskólinn notar til að hafa vald á uppfærslu, flæði, vörslu og úreldingu þeirra gæðatengdu gagna sem ekki falla undir rekstrarhandbók og flokkast þar með sem skrár .

Nr.: INN-004	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 8.0		
Dags: 24.05.2018	<h2>1. Hugtök og skilgreiningar</h2>	
Höf: AS		
Ábm: Skólameistari		
Síða 6 af 7		

Stýrt viðhald	Með <i>stýrt viðhald</i> (eftirlit og viðgerðir) er átt við þær tölvuvæddar vinnuaðferðir sem Tækniskólinn notar við að tímasetja og skipuleggja viðhald, viðgerðir og eftirlit með vélum, tækjum og íhlutum þeirra.
Skólar /undirskólar	Skólanum er skipt upp í undirskóla: Flugskóli Íslands, Upplýsingatækniskólinn, Skipstjórnar-og Véltækniskólinn, Byggingatækniskólinn, Tæknimenntaskólinn, Handverksskólinn og Raftækniskólinn Skólastjóri hvers skóla er yfirmaður hans.
Skólafundur	Samráðsfundur skólastjóra með kennurum og öðrum starfsmönnum undirskólans.
Tilkynningatafla	Tilkynningatafla/-skjár á göngum skólans þar sem tilkynningar til nemenda eru birtar.
Tillögumaður	Getur verið skólameistari, sviðstjóri, kennari, nemandi, IMO, MMR eða hver sá sem telur sig sérhvert mál varða.
Tæki	Vélar (bæði eldsneytisdrifnar og rafmagnsdrifnar, tölvubúnaður og íhlutir þeirra með tilheyrandi handbókum og verkfærum sem nýtist við hin margbreytilegu verkefni skólans.
Tækjavörður	Sá starfsmaður Tækniskólans sem sér um daglegt viðhald véla og rafmagnstækja sem eru ekki á verkstæðum skólans.
Töflubreytingar	Töflubreytingar eru breytingar á upprunalegri stundatöflu nemandans eftir að hann hefur fengið hana í hendur, svo hún falli betur að námsáætlun hans.
Töflugerðarmenn	Sá maður/þeir menn, sem áfangastjóri og/ eða skólastjórar skipar sér til aðstoðar við gerð á stundatöflum. Töflugerðarmaður getur einnig verið áfangastjórinn sjálfur.
Tölvutækt form	Rafrænt form í einhverri mynd.
Umsjónarkennari	Umsjónarkennari er sá kennari sem aðstoðar nemanda fyrir hönd og í umboði skólans.
Deildarstjóri fasteigna	Starfsmaður Tækniskólans sem sér um húsvörslu og daglega umsjón og rekstur fasteigna sbr. starfslýsingu hans STL-041.
Umsókn	Formleg beiðni um skólavist. Getur verið á mismunandi formi.
Umsækjandi	Sá sem sækir um skólavist.
Úrbætur	Á ensku <i>corrective actions</i> . (ISO 9001:2015 kafli 10.2). Með úrbótum er átt við leiðréttingar, aðgerðir eða vinnuaðferðir sem leiða til þess að bæta virkni starfseminnar og auka ánægju viðskiptavina. Þá er átt við endurbætt vinnubrögð, kennsluaðferðir, breytingar á verklagsreglum o.s.frv.
Úrlausn	Svar nemandans við hverju því verkefni, skriflegu, munnlegu eða verklegu, sem fyrir hann er lagt til mats á árangri.

Nr.: INN-004	Tækniskólinn	
Útgáfa: 8.0		
Dags: 24.05.2018	1. Hugtök og skilgreiningar	
Höf: AS		
Ábm: Skólameistari		
Síða 7 af 7		

Útgefið efni	Hvers konar bæklingar eða annað ritað efni sem inniheldur upplýsingar um skólann og starfsemi hans.
Úttektarmenn	Þeir starfsmenn skólans sem hafa fengið sérstaka þjálfun, og umboð, til að framkvæma innri úttektir. Gæðastjóri útnefni úttektarmann hverju sinni. Gæðastjórinn sjálfur getur einnig sinnt hlutverki úttektarmanns. Gæðastjóri sér til þess að úttektarmenn taki ekki út eigin starfsemi.
Val	Þeir áfangar sem nemandi hyggst leggja stund á á næstu/yfirstandandi önn eða þeir áfangar sem kennslustjóri ákveður að nemandi leggi stund á.
Vara/þjónusta	Varan/þjónustan sem Tækniskólinn framleiðir er skilgreind sem kennsla.
Vefstjóri	Sá aðili sem annast uppsetningu og viðhald á heimasíðu Tækniskólans.
Verkbeiðnakerfi HTV	Veflægur hugbúnaður sem heldur utan um beiðnir er varða ýmiskonar aðstoð á Háteigsvegi
Verkefnisstjóri	Verkefnisstjóri er sá starfsmaður skólans sem stjórnendur skólans skipa til að framkvæma tiltekið verkefni.
Verkleg framkvæmd	Verkleg framkvæmd við námsmats getur verið t.d. stilling tækis eða vélar, viðgerð tækis eða vélar, smíði hlutar eða tækishluta eða hver sú framkvæmd sem einkum er gerð með höndum.
Verkstæði	Véla- og rafmagnssalir og önnur aðstaða Tækniskólans þar sem verkleg kennsla fer fram.
Vetrareinkunn	Sá hluti lokaeinkunnar nemanda sem hann fær fyrir verkefni, ritgerðir, matsverkefni eða annað efni sem hann vinnur á önninni. Vægi vetrareinkunnar er gefið upp á kennsluáætlun.
Viðhaldsstjórinn	Tölvuvætt og aðgangsstýrt viðhaldskerfi Tækniskólans sem færðar eru skráningar á viðhaldi og vinnu við vélar, rafmagnstæki og annan búnað skólans.
Viðskiptavinur	Viðskiptavinir Tækniskólans eru nemendur og þeir sem sækja annað námstilboð Tækniskólans hverju sinni.
Vinnulisti	Vinnulisti er lifandi listi hvers stjórnanda yfir verkefni sem er úthlutað á fundum framkvæmdaráðs og sýnir stöðu og lyktir verkefna.
Vöktun áfanga	Skipulagt eftirlit með innihaldi áfanga sem er í kennslu.
Öryggisnefnd	Öryggisnefnd Tækniskólans gætir hagsmuna þeirra hvað varðar öryggi á vinnustað.